

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1973

Nr. 87.

278

2. nóvember 1973.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðseturskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Maður, sem dvalist hefur hér á landi án þess að vera tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal tilkynna aðsetur sitt innan 7 daga, ef hann dvelst áfram í landinu eftir brottfall þeirra atvika, sem gerðu hann undanþeginn tilkynningarskyldu.

2. gr.

Fyrri málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 500—10 000 kr. Sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð, en sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir, rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

3. gr.

Aftan við 18. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Þeir, sem samkvæmt gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. janúar 1973, skulu skráðir með lögheimili þar 1. desember 1973, nema þeir lýsi sig heimilisfasta annars staðar, með tilkynningu á sérstöku eyðublaði, útgefnu af Hagstofunni, eða á annan ótvíræðan hátt að hennar dómi. Slík tilkynning skal berast þjóðskránni eigi síðar en 28. nóvember 1973.

Fyrirmæli fyrri málsgreinar breyta engu um gildi ákvæða í 10.—13. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

Stjórnartíðindi A 22, nr. 87. Útgáfudagur 2. nóvember 1973.